

STARFSSKYRSIA SKÓGARVARDARINS A VESTURLANDI

ÁRIN 1951.

FRAMKVÆMDIR 1951.

GIRDINGAR:

Girt var skógargirðing að Hvammi í Döllum um 3,5 km. Þar eru nokkrar birkileifar, beinvaxnar og bróttmiklar, en því miður litlar að ummáli. - Girðingen er úr 6 þættum gaddavír og járnstaurum, en um 900 metrar eru gömul girðing frá séra Pétri Odds-syni í Hvammi. Sú girðing er einnig úr gaddavír og járnstaurum.

Nokkrir erfiðleikar voru á að flytja girðingarefnið upp á fjallsbrúnina, =og í sumar fór klaki ekki úr jörðu fyrr en komið var langt fram á, og torveldaði það allar framkvæmdir við girðingar.

Háafellsgirðing í Skorradal var stækkuð um 1 ha. - Þá var og girt skógræktargirðing á Hamri í Borgarnesi, um 3 km, og var verkið framkvæmt af Borgarneshreppi.

Þá var og unnið að viðhaldi girðinga eins og að undanförnu, og gerist það nú all mikið sumstaðar

GRÓÐURSETNING:

Allmikið var gróðursett í vor sem að undanförnu, en skýrslur liggja ekki fyrir um afköst einstakra félaga í þeim eftum, en hér fylgir skrá yfir það, sem plantað var í þær girðingar, sem eru á vegum Skógræktar ríkisins:

	<u>Skógarfura</u>	<u>Lerki</u>	<u>Sitkagreni</u>
2 Jafnaskarðsgirðing	12000	300	350
Hofstaðagirðing	1000		50
Urriðaárgirðing	500		
Borgargirðingn	500		
3 Hvammur í Döllum	4000	200	1000
Barmahliðargirðing	2000	50	50
Hreimsstaðagirðing	200		
Háafellsgirðing			1400
Snorrastaða & Jörfagirðingar	2000		
Ymsar girðingar	400	50	100
Munaðarnesgirðing	1500		50
Búðarhraunsgirðing	2000		
<u>Samtals</u>	<u>26100</u>	<u>600</u>	<u>3050</u>

Auk þessa voru gróðursettar á vegum Skógræktarfélags Borgfirðinga um 2000 furur í Snagagirðingu. Af plöntum þeim, er að ofan getur, voru gróðursettar um 14500 í sjálfböðavinnum og var þó hvergi nærri fulnægt þeirri eftirspurn, er var á plöntum til gróðursetningar á þann hátt.

SKÓGARHÖGG:

Unnið var að hreinsun í Jafnaskarðsskógi, en mikil þörf er á að halda því verki áfram í sambandi við vðtanlega grð-ðursetningu þar.

GRÆDIREITUR:

I grædireitnum við Hreðavatn eru um 30 þúsund skégafurur 3/o af fræi frá Troms í Noregi. Vðtanlega verður hægt að grðursetja 10 þúsund af þessum furum á næsta vori.

Sáð var birkifræi í 60 m² og furufræi í 40 m². Þurrkar ollu nokkru tjóni í saðbeðum í sumar.

LAUFGUN & LAUFFALL:

Skógurinn laufgaði fyrst í júní, en lauffall varð úr miðjum september.

Fræár var með besta móti. Allar stærri plöntur döfnuðu vel, en fræbeðsplöntur miður.

TÍÐARFAR:

Vetur frá áramótum var harður, mikil frost, en snjör á láglendi Suðvestanlands ekki mikill.

Vorið var þurrt og kalt, tún og valllendi kól og frost var í jörðu allt til ágústloka í lágsveitum t.d. á Hesti í Borgarfirði.

Hinn 21. júlí snjóðaði og fraus í byggð í Borgarfirði. Hinn 8. og 9. ágúst fraus aftur í byggð og féll þá kartöflugras allvíða. Sumarið var afar þurrt, en sólrikt. Haustið var einnumagótt og hlýtt. Sólar-dagar voru ~~xxxxxxxxxxxxxx~~ fleiri á sumrinu en dæmi eru um, svo munað sé.

FERDALÖG:

Eg var 180 daga í erindum skógræktarinnar fjarverandi, auk þess vann ég í skógræktargirðingum í nágrenni mínu, skrifði mikil af bréfum, var bundinn við sáma langdvölum o.f.l.

Dagana 4. til 6. maí fór ég á aðalfund Skógræktarfélags Stykkishólms og flutti þar erindi. - 3. júní mætti ég á stofnfundi í Skógræktarfélagi Heiðsynninga á sunnanverðu Snæfellsnesi og sýndi þar kvíkmynd og flutti erindi.

15. og 16. júní fór ég leiðbeininga- og eftirlitsferðir um Strandasýslu, alla leið til Hólmavíkur.

FERÐALÖG, framhald.

17. júní mætti ég við hátfiðahöld að Hvammi í Dölum og stjórnaði þar gróðursetningu í hina nýju girðingu þar. Um 250 manns tóku þátt í starfinu og gróðursettar voru um 5000 furur og greni.

10. til 12. júlí fór ég vestur að Bjarkarlundi og Barmahlíð í Reykhólasveit til eftirlits og vinnu. Ennfremur dvaldi ég einn dag í Hvammi í Dölum.

5. til 6. september fór ég til Stykkishólms og í Sauraskógi og hefi ég unnið að því að fá Sauraskógi friðaðan.

1. til 3. október fór ég vestur í Barmahlíð og kenndi þar grisjun og skipulagði skógarhögg í girðingunni.

30. nóvember til 2. desember fór ég ásamt Baldri Þorsteinssyni og Vilhjálmi Sigtryggssyni vestur í Stykkishólm og Miklaholtshrepp, - en þar sýndi Baldur kvíkmyndir.

Auk þess, er að framan greinir fór ég margar ferðir um Borgarfjarðarhérað og til Reykjavíkur. Einnig var ég á nokkrum fundum um skógræktarmál o.f.l.

EKKI HÆGT AÐ SINNA EFTIRSPURN EFTIR LEIÐBEININGARSTARFI NEMA AÐ LITLU LEITI.

Hreðavatni 1951.

31/12 1951

Daniel Þ. Þistáansson